

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Metýlfenídat

ATC flokkur: N06BA04 - metýlfenídat

Dagsetning: 1. september 2024

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.

eða

- Dúraveiki og dáslekja (narcolepsy and cataplexy) **ICD-10 G47.4**. Umsókn um greiðsluþátttöku fyrir einstaklinga með narcolepsy skal gerð af sérfræðingi í taugalækningum.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis (<https://island.is/klíniskar-leidbeiningar>) af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglingageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga.

Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. sjúkrasaga einstaklings, rannsóknir, greiningartæki, hvernig eftirfylgd er háttað og fyrirhugaður dagsskammtur.

Ef meira en 5 ár eru liðin frá því meðferð með örvandi ADHD lyfi var hætt þarf geðlæknir að sækja um endurnýjun lyfjaskírteini.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. metýlfenídati, svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum. Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta, notkun á metýlfenídat er yfir 108 mg á dag eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf, þarf rök fyrir þeirri notkun. Rökstyðja þarf ef hefja á meðferð með metýlfenídat fyrir einstakling sem hefur sögu um neyslu fíkniefna eða misnotkun lyfja/áfengis. Í ofangreindum tilfellum getur lyfjadeild Sí óskað eftir mati geðlæknis með sérþekkingu á ADHD.

Lyfjaskírteini er gefið út með nafni umsækjanda og geta 2 aukalæknar verið skráðir á lyfjaskírteini fyrir hvern einstakling. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga fæst eingöngu ef læknir sem ávísar lyfinu er skráður á lyfjaskírteini viðkomandi. Læknir getur óskað eftir því að vera bætt á lyfjaskírteini með því að hafa samband við lyfjadeild Sí í lyf@sjukra.is eða sent umsókn um lyfjaskírteini.

Ógilding lyfjaskírteina: Ef áreiðanlegar ábendingar berast Sí um ólöglega sölu eða misnotkun lyfs, er lyfjaskírteini viðkomandi fellt úr gildi. Telji læknir að einstaklingur selji eða misnoti lyf, getur hann óskað eftir að lyfjaskírteini verði fellt úr gildi.

Gildistími ADHD:

Börn - 3 ár

Fullorðnir - 2 ár

Í einstaka tilfellum getur gildistími verið styttri

Narcolepsy: 5 ár